



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/1180**  
**komudagur 26.2.2004**

Alþingi  
Umhverfisnefnd Alþingis  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK


Reykjanesbæ 26. febrúar 2004  
Tilvísun: 2004020089

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga**

Meðfylgjandi er umsögn framkvæmdastjóra Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál, matsferli, málskotsréttur o.fl., og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302. mál.

Umsögnin var tekin fyrir á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar í morgun.  
**Bæjarráð tekur undir umsögnina.**

Ofangreint tilkynnist hér með

  
Elísabet Magnúsdóttir  
Ritari bæjarstjóra



Reykjanesbær  
Bæjarráð  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 23. febrúar 2004.

**Málefni: Erindi umhverfisnefndar Alþingis – Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og frumvarp til skipulags- og byggingalaga.**

Eftirfarandi er umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar (USK).

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.**

Með frumvarpinu eru lagðar til fjórar meginbreytingar á ákvæðum gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum. Í fyrsta lagi er lagt til að horfið verði frá því að Skipulagsstofnun úrskurði um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og taki í úrskurðinum ákvörðun um hvort fallist sé á eða lagst gegn framkvæmd. Þess í stað skal stofnunin gefa álit sitt á því hvort skýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar uppfylli skilyrði laganna og lýsi umhverfisáhrifum hennar á fullnægjandi hátt. Í öðru lagi er lagt til að horfið verði frá því að við útgáfu framkvæmdaleyfis skuli leyfisveitandi taka tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar. Þess í stað skal leyfisveitandi fjalla um og taka afstöðu til matskýrslu framkvæmdaraðila og álits Skipulagsstofnunar á henni. Í þriðja lagi er lögð til sú breyting að málskotsréttur til æðra stjórnvalds verði þrengdur og takmarkist við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisvemdarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum. Í fjórða lagi er lagt til að í stað þess að kæra megi úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra skuli ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Það er mat USK að verði frumvarpið að lögum óbreytt sé um jákvæða breytingu að ræða fyrir leyfisveitendur framkvæmdaleyfis þ.e. sveitarfélögin. Því er lagt til að mælt sé með að frumvarpið verði samþykkt.


**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum**

Meginefni frumvarpsins felst í breytingum á ákvæðum laganna um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og ákvæðum um framkvæmdaleyfi. Breytingarnar eru til samræmis til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Auk þess er lagt til við umfangsmiklar framkvæmdir, sem matskyldar eru samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði sveitarstjórnun heimilt að skipa sérstaka eftirlitsnefnd sem líti eftir því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili skal bera kostnað af starfi nefndarinnar.

Það sem snýr fyrst og fremst að sveitarfélögum er, að hér er um samræmingaratriði að ræða vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum. USK leggur því til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

  
Viðar Már Aðalsteinsson  
framkvæmdastjóri umhverfis- og  
skipulagssviðs Reykjanesbæjar

